



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Koðavík - Njarðvík

29. fundur var haldinn mánudaginn 1. september 1978 á skrifstofu skólameistara sem er í nýbyggingu skólans og er þegar tilbúin. Fundinn sóttu skólameistari, Jón Böðvarsson, aðstoðarskólameistari Ingólfur Halldórsson, form. skólanefndar Gunnar Sveinsson, Hreinn Ásgrímsson, Torfi Sveinsson, Eggert Ólafsson og Jón Hólmgeirsson.

1. Fjármál byggingarinnar.

Fyrir liggur að ógreiddir reikningar vegna nýbyggingar nemi nú um kr. 19.000.000- samkvæmt upplýsingum skólameistara og form. skólanefndar. Einnig eru ógreidd vinnulaun - gjaldfallin um kr. 3.000.000- - og fyrirsjáanleg vöntun á öðru eins til þess að ljúka fyrirhuguðum framkvæmdum á lessu hausti. Óseldir víxlar frá sveitarfélögunum eru rúmar 6.500.000-kr. Fram að þessu hefur skólameistari verið með fjármál nýbyggingarinnar, en getur ekki lengur sinnt þeim málum.

2. Vígsla nýbyggingar:

Ákveðið er að vígsla nýbyggingar fari fram föstudaginn 8. sept. með þeim hætti að boðið verði til kaffidrykkju kl. 9.30. Boðið verður sveitarstjórnarmönnum, formönnum skólanefnda, skólastjórum og bæjar- og sveitarstjórum og starfsmönnum við bygginguna.

3. Aðstaða nemenda:

Skólanefnd samþykkir að nemendafélagið sé með í ráðum um innréttingar í setustofu nemenda og leiti þeir eftir tillögum frá arkitektum hússins.

Skýrt var frá því að lesstofa í húsnæði F.S. verði tilbúin í byrjun haustannar.

4. Flutningur nemenda:

Samningur við Steindór Sigurðsson um flutning nemenda framlengist, og mun hann sjá um akstur nemenda næsta skólaár.

5. Rætt var um að tengja leikstarfsemi félaganna á svæðinu íslensku- og leiklistarkennslu skólans. Skólameistara var falið að kanna málið og hafa samráð við leikfélögin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Fundarritari, Jón Hólmgeirsson